

## Erfðaskrá Péturs mikla. Rússaandúð og stóri smellur

Það er fátt nýtt undir sólinni eins og allir vita. Það á vissulega líka við um stríðsáróður og falsfréttir. Í drjúga öld hefur „Erfðaskrá Péturs mikla“ flögrað um sali stjórn mála og fjölmiðla austan hafs og vestan, þegar nauðsyn hefur borið til að brýna busana gegn Rússum. Fyrsta grein hljóðar svo:

„Rússneska þjóðin þarf stöðugt að vera á vígslóð til að halda hermönnum sínum við efnið og tryggja líkamlegt atgervi [þeirra]. ... [Þannig] þjónar friðurinn stríðinu og stríðið friðnum, í þeim tilgangi að auka velgengni Rússa og varpa á þjóðina ljóma.“ Þetta hlýtur að hljóma eins og jólaguðspjall í eyrum stríðsæsingamanna Vesturlanda um þessar mundir.

Fáir virðast vita, að Pétur mikli (1672-1725) bar það aldrei við að leggja undir sig Vestur-Evrópu í sjálfu sér. Hann barðist að vísu við innrásarher Karls XII (1682-1718), konung Svía og Finna, í Úkraínu, og braut heri hans á bak aftur í Finnlandi, Eistlandi og Lettlandi, því aðgengi að sjó var hinu vaxandi stórveldi nauðsynlegt.

Pétur var reyndar mikill aðdáandi vestrænnar menningar, hermennsku, og verkunnáttu. Í „vesturvæðingu“ rússnesku þjóðarinnar sneið hann skeggið af leiðinlegum, síðskeggja prestum sínum, skipaði yfirstéttinni að klæðast samkvæmt vestrænni tísku, lærði skipasmíðar í Hollandi og byggði öflugan flota.

Pétur fór að dæmi sólkonungsins, Louis XIV (1638-1715), og hélt þjóð sinni upptekinni við að grafa út mýrar. Hann fyrir Sankti Pétursborg, Loðvík fyrir Versöllum. Pétur sótti bestu hönnuði Vesturlanda til að hanna borg sína. Miðborgin enn undrafögur.

Sjálfur erkiskúrkurinn, Vladimir Vladimirovich Putin (f. 1952), forseti rússneska ríkjasambandsins, hefur Pétur að fyrirmynd sinni. Vladimir fæddist í þessari háborg vestur-evrópskrar-rússneskrar menningar. Þar gerðu fátækar mæður einnig uppreisn gegn þjóðhöfðingja sínum og báðu um brauð. Sankti Péturborg var einn suðupotta Evrópu.

Í fyrstu heimsstyrjöldinni sendu Þjóðverjar og Englendingar þangað Vladimir Ilyich Ulyanov (1870-1924) frá Sviss og Bandaríkjamenn Lev Davidovich Bronstein (1879-1940) eða Leon Trotsky. Hugmyndin var að bylta ríkisstjórn Nikolai II Alexandrovich Romanov (1868-1918). Auðkýfingar á Wall Street fjármögnuðu byltinguna. Blóðbyltingarflokkur þeirra (kommúnistar, bolsévikkar), létu myrða zarinn, eiginkonuna, Alexandra Feodorovna (1894-1918), og börn þeirra fjögur á unga aldri. Brella Vesturveldanna gekk upp. Rússar drógu sig út úr stríðinu.

Þegar friðarsamningar voru undirritaðir til að leiða þennan blóðunga harmleik til lykta, varð frönskum yfirhershöfðingja herliðs bandamanna í fyrstu heimsstyrjöldinni, Ferdinand Foch (1851-1929), að orði: Þetta eru ekki friðarsamningar, heldur tveggja áratuga vopnahlé. Því miður reyndist hann sannspár. Um tveim áratugum síðar brast á ný heimsstyrjöld. Og nú virðist sú þriðja vera hafin í Úkraínu eða vera í burðarliðnum.

Úkraínustríðið hefur lengi verið í undirbúningi – og jafnvel þriðja heimsstyrjöldin. Hugveitur hergagnaiðnaðarins, fjármagnaðar af bandarískum og breskum auðkýfingum, sem mikil ítök hafa í ríkisstjórn og þingi Bandaríkjamannanna, hafa samið hverja álitsgerðina á fætur annarri um „eyðingu“ Rússa, eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna. Eða eins og Dick Cheney (f. 1941), fyrrverandi varaforseti, orðaði það: „... þannig að heiminum myndi aldrei aftur stafa hættu af [Rússum].“

Þetta viðhorf endurómar í stefnumótun bandarískra yfirvalda og birtist greinilega í verkum Zbigniew Brzezinski (1928-2017), sem m.a. hefur ritað bókina, „Stóra taflborðið“ (The Great Chessboard), og Paul Wolfowitz (f. 1943). Báðir hafa ritað um nauðsyn þess, að Bandaríkjamenn umkringdu Rússa, ef svo færi, að „Erfðaskrá Péturs mikla“ öðlast gildi í utanríkisstefnu þeirra.

En Bandaríkjamönnum er ekki nóg að sigrast á Rússum. Kína er einnig skotmark. Meira að segja ætla Bandaríkjamenn að leggja Sameinuðu þjóðirnar undir sig líka, sbr. greinargerðina: „Uppstokkun varna Bandaríkjanna“ (Rebuilding America's Defenses), sem er kafli í stærri áætlun, þ.e. „Áætlun um hina nýju bandarísku öld“ (Project for the New American Century).

Zbigniew skrifaði m.a.: Evróasía er stærsta hnoss Bandaríkjanna á sviði heimsstjórnmalanna ... og yfirburðir Bandaríkjamanna í veröldinni eru skilyrtir mætti þeirra í Evróasíu og hversu lengi honum verður viðhaldið. Hinn gamli draumur vesturveldanna um að knésetja Rússa lifir sem sé enn góðu lífi, enda er þar mikil auðævi að finna.

Hillary Diane Clinton (1947), fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skrifaði á þessa leið árið 2011: Bandaríkjunum er það bráðnauðsynlegt að nýta sér kraftinn og vöxtinn í Asíu til að opna nýja markaði, fjárfesta, eiga viðskipti, og tryggja aðgang að nýrri tækni.

Úkraína er vissulega ekki undanskilin, enda er þar talað um stríð og hagsmuni í sömu andránni. Gjörspilltir auðkýfingar innan lands og bandarískir kaupsýslumenn, skara eld að eigin köku. Úkraínsku stríðshaukarnir tryggja rán á eigum almennings og liggja í stríði við eigin landsmenn í austur héruðunum, sbr. skýrslur frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (Organization for Security and Cooperation in Europe - OSCE). Því hreinsa skal landið af illsku og ómennum, sagði Arseniy Petrovych Yatsenyuk (f. 1974), fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar. Úkraínsku brennuvargarnir í Odessa, kölluðu íkveikjufjöldamorðin að grilla skordýr.

Franski blaðamaðurinn, Thierry Meyssan (f. 1957), segir, með tilvísun til gagna OSCE: „Það er rangt, að Rússar hafi hafið stríðsátökin í Úkraínu 24. febrúar. Það gerðu [hins vegar] Úkraínnumenn vikunni þar á undan. OSCE ber þessu vitni. Þessi jaðarátök voru skipulögð frá Washington í því skyni að þvinga fram nýja heimsskipan (New World Order). Fyrst skyldi útloka Rússa, því næst Kínverja. Látum ekki blekkjast!“

Átök höfðu legið niður mánuðum saman, þar til síðdegis þann 17. mars. Þá fór sprengjum að rigna yfir Donbass í Austur-Úkraínu, um 1.400 sprengjum sérhvern sólarhring. Yfirvöld í Lugansk og Donetsk (héruð í Donbass) fluttu rúmlega 100.000 íbúa á brott.

Svissneski leyniþjónustumaðurinn, Jacques Baud (f. 1955), fyrrverandi ráðgjafi í Nató, hjá Sameinuðu þjóðunum og í svissneska hernum, hefur margsinnis reynt að benda á staðreyndir málsins, en talað fyrir daufum eyrum. Svo rammir eru hugfjötrarnir. Jacques dregur þá ályktun af atburðarásinni, að Vestrið láti sér ekki velferð Úkraínnumanna fyrir brjósti brenna. Markmiðið sé að koma Rússum á kné. Ég hvet lesendur eindregið til að lesa greinar hans og viðtöl á „greyzone“ og „postil.“

Átökin í Donbass komu einmitt í kjölfar yfirlýsingar Joseph Biden þann 21. mars á ráðstefnu viðskiptajöfra: „Það verður á þessum tímamótum (moment) að höfð verða stakkaskipti. Hin nýja heimsskipan er í bígerð og við munum verða í forsvari hennar. Við verðum að flykkja öðrum ríkjum í hinum frjálssa heimi að baki okkur.“ Í þessu ljósi má betur skilja, hversu keikur hann var, þegar hann spáði innrás Rússa í Úkraínu, „innan fáeinna daga.“

Yfirvöld í Kænugarði gáfu hermönnum sínum viljrði fyrir landnámi í villta austrinu eins og bandarískir innflytjendur nutu í villta vestrinu. Viðleitni Rússa, Þjóðverja og Frakka, þ.e. Minsk samkomulagið, var virt að vettugi, að undirlagi Bandaríkjamanna og Breta.

Jafnvel þótt íslenskum stjórnvöldum og bandarískum þyki Úkraínumönnum renna blóðið til skyldunnar að berjast til síðasta karlmanns, svo verja megi lýðræði vort og frelsi, mótmæltu eitt hundrað úkraínskar mæður fórn sona sinna. Þær sjá á eftir drengjunum sínum. Forseti þeirra, Volodymyr Oleksandrovych Zelensky (f. 1978) bannar þeim að fara úr landi. Hann er nefnilega sammála Þórdísi Kolbrúnu Reykfrörð Gylyfadóttur.

Ungversk-bandaríski auðkýfingurinn, György Schwartz (f. 1930) eða George Soros, hvatti Evrópuríkin til að vígbúast til stríðs gegn Rússum og horfa ekki í aurinn. George er stór í sniðum, þegar peningar eru annars vegar. Evrópusambandið ætti að veita Úkraínumönnum 20 milljarða dala lán, sagði hann. „Aðildarþjóðir Evrópusambandsins heygja stríð og þær ættu að breyta í samræmi við það.“

Alþjóðagjaldeyrissvarasjóðurinn (International Monetary Fund) skyldi gera slíkt hið sama.

Bandaríska leyniþjónustan hefur haft afskipti af stjórnámum og þjóðlífi í Úkraínu frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Hún sneið starfsemi sína að leyniþjónustu þýskra nasista og hélt sambandi við þá úkraínsku. Þegar bandarísk stjórnvöld byltu löglega kjörinni ríkisstjórn Úkraínu árið 2014, var gerð gangskör að því að vopnvæða Úkraínumenn og þjálfar her þeirra. Það gerðu einnig margar aðrar aðildarþjóðir Nató, þ.á.m. Norðmenn, sem hlutfallslega fjármagna stríðið u.þ.b. á pari við Bandaríkjamenn. Allt frá byltingunni hefur Nató haft stríðsmenn í landinu.

Leikur Rússa og Vestur-Evrópuþjóða er býsna ójafn. Bandaríkin eru óumdeilanlega mesta stríðsríki veraldar. Þeir hafa í nógu að snúast við að halda heimsyferráðum sínum. Bandarísku stríðsherrarnir hafa komið sér upp 750 herstöðvum í 80 löndum, enda eyða þeir meiri skattþeningum í hernað en þau tíu ríki samanlagt, sem næst þeim koma. Til samanburðar voru útgjöld til hernaðar í Rússlandi einn tíundi af þeim bandarísku árið 2018. Um 90% herstöðva á erlendri grundu eru bandarískar.

Beiting kjarnavopna er hvorki Bretum né Bandaríkjamönnum framandi. Hinn skammlífi forsætisráðherra Breta, Liz Truss, sagðist í viðtali óhikað myndi beita kjarnavopnum. Í nýlegu stefnumótunarskjali Bandaríkjastjórnar, segir á þessa lund:

Tilgangurinn með kjarnorkuvopnabúrinu er á fæla frá árásum, vernda bandamenn og vini – og má markmiðum Bandaríkjanna, ef fælingin dugar ekki til. Sömuleiðis segjast Rússar myndu gjalda líku líkt í þeim efnum. Beiting kjarnorkuvopna er síður en svo framandi leiðtogum Úkraínumanna. Hinn sísfirandi og betlandi forseti þeirra, hefur margoft beðið um slíka styrjöld.

Úkraínski auðvaldurinn (ólígark) Petro Oleksiyovych Poroshenko (f. 1965), auðvaldur og fyrrum forsætisráðherra, sagði til að mynda: Við munum drepa Rússa hundruðum saman fyrir hvern úkraínskan hermann, sem fellur fyrir þeirra hendi. Hver og einn hryðjuverkamaður mun verða látinn sæta ábyrgð. Allir munu þeir fá makleg málagjöld.

Kynsystir Hillary, Yulia Volodymyrivna Tymoshenko (f. 1960), úkraínskur auðvaldur og fyrrum forsætisráðherra, sagði að skilja ætti við sviðna jörð í Rússlandi og eyða átta milljónum Rússa í Úkraínu með kjarnorkuvopnum. (Júlía hefur reyndar þrætt fyrir að hafa tjáð sig um eyðingu Rússanna.)

Ári eftir valdatöku Bandaríkjamanna (2015) í Úkraínu og skömmu fyrir andlát sitt, sagði hinn merki þýski rithöfundur og Nóbelsverðlaunahafi, Günter Grass (1927-2015), að við stefndum eins og svefngenglar inn í nýja heimsstyrjöld.

En það má enn eygja von. Skynsamir íbúar aðildarríkja Nató og Evrópusambandsins stíga nú á stökk og krefjast friðar.

<https://www.thepostil.com/the-hidden-truth-about-the-war-in-ukraine/>

<https://www.thepostil.com/the-military-situation-in-the-ukraine/>

<https://www.thepostil.com/the-military-situation-in-the-ukraine-an-update/>

<https://thegrayzone.com/2022/09/27/us-uk-sabotaged-peace-deal/>

<https://thegrayzone.com/2022/04/15/us-eu-sacrificing-ukraine-to-weaken-russia-fmr-nato-adviser/>

<https://www.thepostil.com/the-military-situation-in-the-ukraine/>

<https://www.cambridge.org/core/journals/american-slavic-and-east-european-review/article/abs/testament-of-peter-the-great/071C10979CA6AFD395B07253A23547FC>

<https://www.unian.info/politics/1065341-ukraine-poland-agree-to-participate-in-combined-military-drills.html>

<https://thegrayzone.com/2022/09/27/us-uk-sabotaged-peace-deal/>

<https://www.voltairenet.org/article216293.html>

<https://www.kyivpost.com/article/content/ukraine-politics/ukraines-land-agency-give-land-to-soldiers-in-the-east-for-free-352100.html>

<https://strategic-culture.org/news/2022/11/04/berlin-goes-to-beijing-the-real-deal/>

<https://www.youtube.com/watch?v=hQ58Yv6kP44>

<https://thegrayzone.com/2022/11/03/british-spies-terror-army-ukraine/>

<https://www.antiwar.com/orig/stockbauer1.html>

[https://powerbase.info/index.php/American\\_Enterprise\\_Institute](https://powerbase.info/index.php/American_Enterprise_Institute)

<https://www.workers.org/2014/06/14936/>

<https://thegrayzone.com/2018/12/17/inside-the-temple-of-covert-propaganda-the-integrity-initiative-and-the-uks-scandalous-information-war/>

<https://www.indianpunchline.com/scholz-china-trip-raises-hackles/>

<https://www.welt.de/politik/deutschland/article241941299/Befragung-Pro-russische-Propaganda-ueberzeugt-immer-mehr-Menschen-in-Deutschland.html>

<https://www.indianpunchline.com/no-end-in-view-for-ukraine-war/>

<https://chrishedges.substack.com/p/the-chris-hedges-report-podcast-with-03d#details>

<https://steigan.no/2015/04/folkemord-fascisme-og-forerkult-i-ukraina/>

<https://consortiumnews.com/2015/03/19/ukraines-poison-pill-for-peace-talks/>

<https://deutsche-wirtschafts-nachrichten.de/2015/04/25/ukraine-usa-und-russland-bereiten-sich-auf-eskalation-vor/>

[https://elpais.com/cultura/2015/04/13/actualidad/1428918239\\_167030.html](https://elpais.com/cultura/2015/04/13/actualidad/1428918239_167030.html)

<https://www.theguardian.com/books/2015/apr/14/gunter-grass-final-interview-authors-fears-of-another-world-war>

<https://usa.mfa.gov.ua/en/news/24185-mi-uvichnimo-pamjaty-gerojiv-ochistivshinashu-zemlyu-vid-nechistiarsenij-jacenyuk-u-spivchutti-ridnim-i-blizykim-zagiblih-vojiniv-u-lugansyku>

<https://steigan.no/2014/07/porosjenko-for-hver-drepte-soldat-vil-vi-drepe-hundrevis/>

<https://steigan.no/2014/07/porosjenko-for-hver-drepte-soldat-vil-vi-drepe-hundrevis/>

<https://ukraine-human-rights.org/osce-confirms-uncontrolled-bombardement-of-slavyansk/>

<https://libertarianinstitute.org/news/american-arms-makers-are-cashing-in-on-the-war-in-ukraine/>

<https://fas.org/blogs/security/2022/10/2022-nuclear-posture-review/>

<http://www.observateurcontinental.fr/?module=articles&action=view&id=4389>

<https://covertactionmagazine.com/2022/11/11/amid-growing-war-frenzy-in-europe-cement-king-settles-scores-with-china/>

[https://docs.house.gov/billsthisweek/20150323/MAS\\_087\\_xml.pdf](https://docs.house.gov/billsthisweek/20150323/MAS_087_xml.pdf) 2015

<https://steigan.no/2015/03/kongressen-vil-ha-krig/>

<https://www.defensenews.com/opinion/intercepts/2015/03/03/us-soldiers-readying-for-ukraine-deployment/>

<https://www.bbc.com/news/world-europe-26079957>

<https://www.nettavisen.no/nyheter/blodig-opptrapping-i-ost-ukraina/s/12-95-8465099>  
<https://www.nettavisen.no/nyheter/blodig-opptrapping-i-ost-ukraina/s/12-95-8465099>

<https://deutsche-wirtschafts-nachrichten.de/2015/04/27/deutschland-mahnt-ukraine-russland-keinen-vorwand-fuer-einen-krieg-liefern/>

<https://www.ft.com/content/51a3148a-ec12-11e4-b428-00144feab7de#axzz3YWllvliw>

<https://web.archive.org/web/20090927021930/http://www.telegraph.co.uk/news/worldnews/northamerica/usa/6219496/Irving-Kristols-gone---well-miss-his-clear-vision.html>

<https://nationalinterest.org/feature/russia-america-stumbling-war-12662>

<https://foreignpolicy.com/2011/10/11/americas-pacific-century/>

<https://www.livemint.com/Opinion/vMhn5F3UZ08miWQ86TnXmK/George-Soros--Europe-at-war.html>

<https://fair.org/home/syria-the-latest-case-of-us-stumbling-into-war/>

[https://www.rand.org/content/dam/rand/pubs/research\\_reports/RR1100/RR1140/RAND\\_RR1140.pdf](https://www.rand.org/content/dam/rand/pubs/research_reports/RR1100/RR1140/RAND_RR1140.pdf)

[https://steigan.no/2022/11/en-tsunami-av-kriser-er-i-ferd-med-a-skylle-over-europa/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/en-tsunami-av-kriser-er-i-ferd-med-a-skylle-over-europa/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://steigan.no/2016/09/rand-corp-tenker-hoyt-om-krig-mot-kina/>

[https://steigan.no/2022/11/er-den-tredje-verdenskrigen-allerede-i-gang-og-i-sa-fall-hva-dreier-den-seg-om/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/er-den-tredje-verdenskrigen-allerede-i-gang-og-i-sa-fall-hva-dreier-den-seg-om/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.washingtonpost.com/outlook/2022/04/05/how-will-we-know-when-its-world-war-iii/>

<https://www.vaticannews.va/en/pope/news/2022-08/pope-francis-wwii-anniversary-ukraine-war-peace-appeal.html>



[https://steigan.no/2022/11/profetiske-ord-2015-det-gar-mot-en-mye-storre-krig-i-ukraina/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/profetiske-ord-2015-det-gar-mot-en-mye-storre-krig-i-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://covertactionmagazine.com/2022/10/23/the-wolfowitz-doctrine-led-to-the-disastrous-war-in-iraq-now-it-is-leading-to-a-potentially-even-more-cataclysmic-war-in-asia/>

<https://shakeri.net/1163/partitioning-russia-world-war-iii/>

<https://www.theatlantic.com/ideas/archive/2022/05/russia-putin-colonization-ukraine-chechnya/639428/>

<https://www.wsws.org/en/articles/2022/10/18/prin-o18.html>

<https://www.goodreads.com/work/quotes/681225-the-grand-chessboard-american-primacy-and-its-geostrategic-imperatives>

[https://steigan.no/2022/11/washingtons-plan-for-a-bryte-opp-rusland/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/washingtons-plan-for-a-bryte-opp-rusland/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.foreignaffairs.com/articles/asia/1997-09-01/geostrategy-eurasia>

<http://www.informationclearinghouse.info/57317.htm>

<https://news.antiwar.com/2021/02/03/us-admiral-warns-nuclear-war-with-russia-china-is-a-real-possibility/>

[https://steigan.no/2022/11/usas-vending-til-asia-og-europa-i-stillingskrig/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/usas-vending-til-asia-og-europa-i-stillingskrig/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://consortiumnews.com/2022/11/03/scott-ritter-a-dangerous-bloody-dirty-game/>

<https://utvarpsaga.is/putin-vesturlond-hafa-lagt-nidur-raunveruleikann/?fbclid=IwAR0e4PGGyk6otqWBlubhmqIrf31mse8elm7fxi4RcayEPdn00RpfLm49t4>

<https://news.antiwar.com/2022/11/06/us-nuclear-forces-chief-says-the-big-one-is-coming/>

[https://steigan.no/2022/11/norge-i-en-saerklasse/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/norge-i-en-saerklasse/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2022/11/glenn-diesen-om-russofobi-i-mellomstatlig-politikk/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/glenn-diesen-om-russofobi-i-mellomstatlig-politikk/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.goodreads.com/book/show/60875814-russophobia>

<https://proletaren.se/artikel/ar-ryssland-ett-imperialistiskt-land>

[https://steigan.no/2022/11/italiensk-fagbevegelse-krever-stans-krigen-ingen-vapen-til-ukraina-fred-na/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/italiensk-fagbevegelse-krever-stans-krigen-ingen-vapen-til-ukraina-fred-na/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.repubblica.it/politica/2022/11/05/diretta/manifestazione-per-la-pace-5-novembre-roma-373051472/>

<https://www.facebook.com/618050951/videos/1065659990755383?idorvanity=602932710421901>

<https://www.ilfattoquotidiano.it/2022/11/02/sondaggio-swg-un-italiano-su-due-e-insoddisfatto-dalla-composizione-del-governo-partiti-cresce-fdi-m5s-aggancia-il-pd/6859860/>

<https://www.ilfattoquotidiano.it/2022/10/13/ukraina-sondaggio-ipsos-per-il-60-degli-italiani-zelensky-deve-scendere-a-patti-con-putin/6837552/>

[https://steigan.no/2022/11/berlin-goes-to-beijing-dette-er-virkelige-saker/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/11/berlin-goes-to-beijing-dette-er-virkelige-saker/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://caitlinjohnstone.com/2022/11/07/lets-be-clear-if-ww3-happens-it-will-be-the-result-of-choices-made-by-the-us-empire/>

<https://www.newsweek.com/ex-ukrainian-pm-world-war-iii-has-started-putin-tested-west-ukraine-1687184>